ELECTROSOLV - E

Öryggisblað(MSDS)
Skv. Reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)
Útgáfa 1, 1.9.2013

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

Heiti vöru:	ELECTROSOLV - E
Vörunúmer:	604389 (25 lítrar)
Notkunarsvið:	Hreinsilögur
Framleiðandi:	Wilhelmsen Ships Sevice AS
Heimilisfang:	Strandveien 20, N1324 Lysaker, Norway, Tel: (+47) 67 58 45 50
Söluaðli:	Ecomar ehf, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 854-2529

Neyðarlinan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími: 112
Eiturefnamiðstöð Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími: 543-2222

2. Hættugreining



Áhættugreining:

- Getur valdið lungnaskaða ef drukkið (H65)
- Viðvarandi snerting við húð getur valdið þurki og sprungni húð (H66)

Öryggisgreining

- Ef efnið berst í augu, skolið strax með miklu vatni og leitið til læknis (V26)
- Forðist að anda að ykkur efninu (V23)
- Notið viðeiganndi hanska, gleraugu og andlitsvörn (V37/39)
- Geymið þar sem börn ná ekki til (V2)

3. Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni	Styrkur %	CAS-nr.	EC Númer	H-setn.*	Merki
Hydrocarbones, C11-C13 Isoalkanes, < 2%aromates	60 – 100		920-901-0	H65,66	Xn
REACH no.: 01-21194568 10-40-0000				Asp. Tox 1:H304 EUH066	GSHS08

* Sjá lið 16

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

Almennt: Ef grunur leikur á heilsutjóni sem rekja má til efnisins, leitið þá læknis og tryggið aðstæður og hlúið að hinum slasaða og komið honum í ferkst loft.. Hafið öryggisblaðið við hendina þegar lækni ber að garði.

4. frh.

Snerting við húð: Þvoið strax með miklu vatni og fjarlægið allan fatnað sem hefur komist í snertingu við efnið og þvoið síðan með vatni og sápu.
Leitið læknis verði erting viðvarandi.

Snerting við augu: Skolið strax með vatni í að minnsta kosti 15 mínútur og hafið augað opið.
Farlægið linsur ef þær eru til staðar og mögulegt er.
Leitið læknis ef erting er viðvarandi.

Við inntöku: Skolið strax munn með miklu vatni og tryggið síðan ferskt loft að öndunarfærum.
Framkallið ekki uppköst og flytjið slasaða strax á sjúkrahús.

Við innöndun: Tryggið ferskt loft og skolið nef og munn með vatni, leitið læknis ef einkennin verða viðvarandi.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

Efnið er eldfimt og ber að umgangast það í samræmi við þá hættu og gufur af efninu geta valdið íkveikju. Gufur frá efninu eru þyngri en loft og því þarf nálgast efnin með varúð í eldsvoða og kæla umbúðir með vatni. Slökkviefni getur verið vatn, CO2 eða duft.

Fjarlægið umbúðir og eldfim efni af hættusvæðinu og notið slökkviefni eftir aðstæðum og gætið þess að reykur frá eldi er ertandi og notið því viðeigandi hlífðarfatnað og grímur. Kallið á slökkvilið eins fljótt og auðið er ef ekki verður komist fyrir eldinn í fæðingu.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

Berist efnið í miklu magni út í umhverfið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka tjónið og tilkynna slyslið til viðeigandi yfirvalda, svo sem lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Tryggið góða loftræsingu og notið viðeigandi hlífðarfatnað, sjá lið 8.

Þar sem efnið hefur áhrif á umhverfið skal tryggja það að efnið fari ekki í niðurföll og eða vatnsból, hreinsið síðan upp það efni sem hægt er að komast að með óbrennalegum ísogsefnum, s.s sandi, sagi eða þartilgerðum uppsogsefnum. Safnið efninu og uppsogsefnum saman í merkt ílat og komið í förgun, sjá lið 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

Notið viðeigandi hlífðarfatnað, sjá lið 8 og forðist snertingu við húð og augu.
Geymið á köldum vel loftræstum stað og þar sem börn ná ekki til og haldið fjarri hitagjöfum og opnum eldi. Verjið efnið fyrir frosti.

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar

Hydrocarbones C11-C13 TLV (TWA) 275 mg/m3

Ekki skal nota efnið óblandað nema í vel loftræstu rými.. Notið viðeigandi hlífðarfatnað, gleraugu, hanska og öndunargrímur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Form:	Vökvi
Litur:	litarlaust
Lykt:	Lyktar af kolvetni
PH:	
Suðumark:	170°C – 250°C , 760 mm/Hg
Eðlisþyngd:	0,731 – 0,851 g/cm3 við 15°celsíus.
Blossamark:	> 61°C
Sjálfsíkvekjumark:	> 200°C

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og ekki neinar hættur þektar við eðlilega notkun. Haldið frá heitum yfirborðum og opnum eldi.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Ekki er vitað til þess að efnið hafi eitiurefnafræðileg áhrif en þó ber að hafa í huga:

Við innöndun: Getur valdið ertingu við innöndun, höfuðverk og ógleði
Snerting við húð: Við tíða og langvarandi snertingu getur efnið valdið ertingu og þurri húð og í vestu tilfellum valdið húðbólgum.
Snerting við augu: Efnið ertir augu og getur valdið roða, bólgum og táramyndum og getur valdið varanlegum augnskaða ef það berst í auga í miklu magni.
Inntaka: Getur valdið lugnaskaða við inntöku (R65)

Engin merki eða rannsóknir sem sýna fram á að efnið sé krabbameinsvaldandi.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Efnið er ekki hættulegt umhverfinu og brotnar mjög hratt niður, er fullkomnlega uppleysanlegt í vatni og uppsöfnun í lífverum eru óveruleg.

Engin umhverfisáhrif eru þekkt ef efnið er notað með réttum hætti.

13. Förgun

Farga skal umbúðum og efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum og endurvinna ef hægt er.

EU förgunarstaðall: 07.01

Regulur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002 , 738/2003

14. Upplýsingar um flutninga

Efnið flokkast ekki sem hættulegur varningur samkvæmt alþjóðlegum samþykktum

15. Upplýsingar varðandi regluverk

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Öryggisblað þetta er unnið í samræmi við grein 31 í kafla II í REACH og reglugerð 453/2010/EU.

16. Aðrar upplýsingar

Texti hættusetningar sem fram kom í lið 3:

H 22 Veldur skaða við inntöku
H 36 Ertandi fyrir augu
H 41 Hætta á varanlegum augnskaða
H 65 Getur valdið lugnaskaða
H 66 Langvarandi snerting við húð getur valdið þurki og sprungni húð.

Texti varnaðarmerkja innihaldsefna í lið 3:

Xn Hættulegt heilsu
Xi Ertandi

Upplýsingar í öryggisblaði þessu eru byggðar á fyrirlyggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi á þeim tíma þegar útgáfa þessi var gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum einstakra innihaldsefna. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda og ber honum að gera viðeigandi öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.